

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

113. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn fimmtudaginn 23. mars 2023. Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 8:30.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Anna Guðrún Jóhannesdóttir (AGJ), Hreiðar Oddsson (HO), Anna Rós Sigmundsdóttir (ARS) og Guðjón Ágúst Gústafsson (GÁG). F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Sigurðardóttir (MS), og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Rakel Guðmundsdóttir boðaði forföll. ARS vék af fundi undir liðnum önnur mál.

Pá var gengið til dagskrár:

**1. Framkvæmd samkomulags um tilhögun og launaútreikninga vegna fæðingarorlofs kennara.
Málsnr. 2208027SA**

Kennari hefur leitað til Félags grunnskólakennara vegna þess að hann telur að sveitarfélag greiði sér ekki laun vegna fæðingarorlofs í samræmi við samkomulag aðila um tilhögun og og launaútreikninga vegna barnsburðarleyfa kennara.

FG hefur lagt fram greinargerð og samantekt um ætlaðaðar greiðslur. T.u. hafa fulltrúar SNS óskað eftir upplýsingum um framkvæmd Fjársýslu ríkisins á samkomulaginu um barsburðarleyfi og hvernig ríkið hefur farið með framkvæmd þess eftir breytingar á lögum um fæðingarorlof vegna félagsmanna KÍ í framhaldsskólum. Upplýsingar hafa ekki borist vegna málsins og samráð hefur ekki náðst með ríkinu en málið er í ferli.

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

2. Önnur mál.

Rætt um framkvæmd á nokkrum efnisatriðum kjarasamnings til skerpa á framkvæmd og sameiginlegum skilning milli aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 10:05